

Leiðbeiningar fyrir söluaðila með vefverslanir

# Settu öryggi vöru í fyrsta sæti

Sama hvaðan þú selur, til hvaða svæðis eða í gegnum hvern, gerðu það þannig að það sé öruggt fyrir neytendur að kaupa á sölusíðunni.

## Við skráningu vörunnar á sölusíðu

- Athugaðu hvort að varan hafi verið innkölluð reglulega t.d. á OECD Global Recalls.
- Aflaðu þér upplýsinga um hvað er bannað eða háð sérstökum lagalegum kröfum, í þeim löndum sem þú selur til.
- Um leið og þú skráir vöruna láttu koma fram upplýsingar um öryggi vöru, viðvaranir, notkunarleiðbeiningar, aldursráðleggingar og merkimiða. Neytendur eiga að geta séð þessar upplýsingar.

## Eftir skráningu

- Ef innkalla þarf hættulega vöru, finndu og fjarlægðu vöruna fljótt úr sölu.
- Haltu neytendum upplýstum - hafðu samband við þá þegar vöruöryggismál koma upp.
- Vertu skýr við neytendur - ef vara er ekki örugg, upplýstu þá um áhættuna og þær aðgerðir sem grípa þarf til.
- Vertu til staðar og tilbúin til að takast á við verkefnið. Í sameiningu geta söluaðilar, neytendur og stjórnvöld komið í veg fyrir að hættulega vörur séu í umferð.